



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 20. janúar 2021

2101053SA KB/bg
Málalykill: 00.64

**Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt,
nr. 50/1988 (byggingastarfsemi, almenningssamgöngur o.fl.) - S**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 6. janúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreind áform um frumvarp. Kemur fram að talið sé nauðsynlegt að skýra betur skattskyldu verktaka í almenningssamgöngum með það að markmiði að draga úr flækjustigi í skattframkvæmd og stuðla að réttari skattskilum. Í málsgögnum kemur einnig fram að haft hafi verið samráð við sambandið og að ekki megi búast við teljandi áhrifum á fjárhag sveitarfélaga en að aukin skýrleiki laga og bætt skattskil ættu að hafa jákvæð áhrif á tekjuhlíð ríkisins.

Í ljósi þess að ekki er talið að frumvarpið muni hafa teljandi áhrif á fjárhag sveitarfélaga gerir sambandið ráð fyrir því að tekið hafi verið tillit til málflutning sambandsins þess efnis að nauðsynlegt er að sveitarfélög, landshlutasamtök, Strætó bs. og aðrir aðilar er halda úti almenningssamgöngum geti sótt um endurgreiðslu greidds virðisaukaskatts á þeim hluta rekstarins sem nú er án virðisauka eða fundin hafi verið önnur leið til að bæta rekstraraðilum almenningssamgangna upp kostnaðaraukann. Að öðrum kosti mun kostnaðar sveitarfélaga af almenningssamgöngum aukast og sveitarfélög þurfa í auknu magni að meta hvort fjárhagslega sé betra að sjá sjálf um akstur almenningssamgangna í stað þess að bjóða slíkan akstur út líkt og nú er gert í töluverðu magni. Líkt og kemur fram í umsögn Strætó bs. er áætlaður kostnaðarauki allt að 450 milljónir króna á ári og því ljóst að kostnaðarmat á áhrifum væntanlegs frumvarps er rangt nema samhliða sé fyrirhugað að lögfesta mótvægisáðgerðir.

Sambandið fer því fram á formlegt samráð um útfærslu frumvarpsins og hvernig sá kostnaðarauki er áformin muni leiða af sér er bættur þeim aðilum er halda úti almenningssamgöngum.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs